

SAG 293 / SAG 2V050

Þýskaland á 20. öld – Saga og menning

Undanfari: Enginn.

Áfanginn er ætlaður nemendum 2. og 4. bekkjar á öllum brautum á vorönn 2012. Ekki er gerð krafa um kunnáttu í þýskri tungu.

Fáar þjóðir Evrópu hafa gengið í gegnum jafn miklar hremmingar á 20. öld og Þjóðverjar. Þeir hafa tvisvar beðið lægri hlut í heimsstyrjöld en jafnan risið upp á ný, sterkari en áður.

Í þessum áfanga verður ljósi varpað á sögu og menningu þessarar þjóðar frá ýmsum hliðum. Þar má nefna fyrri og seinni heimsstyrjöld, skiptingu í tvö ríki og sameiningu þeirra 40 árum síðar, knattspyrnu, handknattleik, kvikmyndir, tónlist og svo mætti lengi telja.

Sögu Þýskalands á 20. öld má skipta í eftirtalin tímabil:

1. Þýskaland í byrjun 20. aldar og fram yfir fyrri heimsstyrjöld
2. Millistríðsárin – Weimar lýðveldið
3. Adolf Hitler og síðari heimsstyrjöld
4. Stofnun tveggja þýskra ríkja og saga þeirra fram til 1989
5. Þýskaland frá sameiningu 1990

Námsmat: Verkefnavinna af ýmsu tagi á önninni.